

Hverfisnefnd Brekkuskólahverfis  
fundargerð  
2. fundur  
fimmtudaginn 27.4. 2006 kl. 20-22:05 í Brekkuskóla

Fundarfólk: Sigríður, Sigurlína, Bergljót, Kristín, Börkur, Hjörleifur,  
Kristján, Njáll

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Kosið frekar í embætti og er verkaskipting innan nefndarinnar samþykkt eins og hér segir:

Sigríður Magnúsdóttir, Þingvallastræti 4, formaður  
Njáll Trausti Friðbertsson, Ásvegi 20, varaformaður / tengiliður við Akureyrarbæ

Kristín Kjartansdóttir, Ásabyggð 2, ritari  
Börkur Þór Ottósson, Þórunnarstr. 115, meðstjórnandi / tengil. við foreldrafélag Brekkuskóla

Hjörleifur Hallgríms, Skálateigi 1, meðstjórnandi / fjölmiðlafulltrúi  
Bergljót Þrastardóttir, Þórunnarstræti 120, varamaður ritara  
Sigurlína Jónsdóttir, Grænumýri 6, varamaður  
Kristján Víkingsson, Hrafnagilsstræti 39, varamaður

2. Fundargerð s.l. fundar, 5.4. 2006, samþykkt.

3. Svohljóðandi ályktun um umferðarmál á Brekkunni rædd og samþykkt:  
"Nefndarfólki hverfisnefndar Brekkuskólahverfis þykir sérstaklega brýnt að staðið verði betur að umferðarmálum á Brekkunni, þá sérstaklega í Þórunnarstræti með tilliti til þeirra barna sem sækja Brekkuskóla og leikskólann Hólmasól.

Við erum afar ósátt við þær breytingar á gatnamótum Þórunnarstrætis og Miðhúsabrautar sem samþykktar voru í umhverfisráði nýlega (155. fundur 27.3.2006, 7. liður) og þegar hefur verið hafist handa við, enda muni það fyrirkomulag aðeins auka umferðarflæði um Þórunnarstræti.

Við fögnum því að bæjarstjórn leggi til að lagningu Miðhúsabrautar skuli lokið á árinu 2006. Mikilvægt er að gerð Miðhúsabrautar verði lokið sem fyrst og það eins og upphaflega var áætlað eða austan við og neðan við Jólasveinabrekku og Mjólkursamlagið. Við teljum að með fullgerðri Miðhúsabraut beinist þungaflutingaumferð vegna uppbyggingar í Naustahverfi að mestu leiti af Mýrarvegi og öðrum götum innan hverfisins.

Hins vegar teljum við að Miðhúsabraut taki ekki við þeirri aukningu á almennri umferð í gegnum hverfið okkar sem búast má við vegna fjölgunar íbúa Naustahverfis og fyrirhugaðrar uppbyggingar á þjónustustarfsemi á Glerársvæðinu á komandi árum og því verði nauðsynlegt að framkvæma lagningu Dalsbrautar. Meirihluti hverfisnefndarinnar er hlynntur því að farið verði í lagningu Dalsbrautar sem fyrst eða samhliða lagningu Miðhúsabrautar. Við vitnum í niðurstöður könnunar Félagsvísindadeildar H.A. sem birtar voru í Vikudegi s.l. fimmtudag, en þar kemur fram að 60% bæjarbúa vilja láta leggja brautina (Vikudagur 27.4. 2006., bls. 2). Með lagningu Dalsbrautar verður því komið til móts við óskir meirihluta íbúa bæjarins. Við teljum brýnt að undirbúningsvinna við framkvæmd Dalsbrautar hefjist sem fyrst til að taka við aukinni almennri umferð á svæðinu."

Ákveðið að Hjörleifur komi ályktuninni á framfæri í fjölmiðlum við fyrsta tækifæri.

4. Skipulag bílastæða og umferðar til og frá Leikskólanum Hólmasól kynnt af Bergljótu og Njáli. Lögð fram tillaga um að nefndin álykti um þessi mál.

5. Vinnulag nefndarinnar rætt. Nefndarfólk sammála um að takmarka sem mest er hægt allar umræður nefndarinnar við fundi og að forðast umræður á netinu. Ákveðið að fundargerðir skuli samþykktar alltaf á næsta fundi á eftir, þ.e. að fundargerð 1. fundar er samþykkt á 2. fundi, osfrv. Ákveðið að dagskrá fundanna verði ákveðið áður enn þeir hefjast og að haldið verði við þær á fundunum.

Fundi slitið. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 4.5. 2006, kl. 20 í Brekkuskóla.